

DRÖG



Stykkishólmur

Endurskoðunarskýrsla 2017

Ársreikningur 2017

Apríl 2018

Inngangur

Stykkishólmur, 26. apríl 2018

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2017 er lagður fyrir bæjarstjórn til fyrri umræðu 26. apríl 2018. Við munum árita hann samhliða afgreiðslu og áritun sveitarstjórnar við síðari umræðu með fyrirvaralausri áritun, komi ekki fram mikilvægar viðbótarupplýsingar sem geta haft áhrif á álit okkar.

Við höfum endurskoðað ársreikning sveitarfélagsins en hann hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun eins og lýst var í bréfi okkar um endurskoðun dagsettu 9. janúar 2017.

Afrit:

Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri

Þessi skýrsla inniheldur niðurstöður endurskoðunar okkar og er ætlað að upplýsa um atriði sem komu í ljós við endurskoðunina og við teljum að eigi erindi við ykkur.

Hér á eftir fara ýmsar upplýsingar um ársreikninginn og endurskoðunina ásamt ábendingum og athugasemdum eftir því sem við á.

Við höfum jafnframt komið ábendingum til stjórnenda á framfæri með sérstökum skýrslum til bæjarstjóra þar sem settar eru fram ítarlegri ábendingar varðandi innra eftirlit, fjárhagskerfi og stjórnsýslu.

Við munum veita allar frekari upplýsingar um endurskoðunina og efni skýrslunnar ef óskað verður eftir því.

Frekari upplýsingar í tengslum við skýrsluna veita:

Haraldur Örn Reynisson
Hluthafi og löggiltur endurskoðandi
hreynisson@kpmg.is

Magnús Jónsson
Hluthafi og löggiltur endurskoðandi
magnusjonsson@kpmg.is

Efnisyfirlit

Endurskoðun KPMG	4
Niðurstaða endurskoðunar	5
Fyrirhuguð áritun óðháðs endurskoðanda	6
Áherslur í endurskoðun	7
Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun	19
Rekstrarreikningur	23
Efnahagsreikningur	24
Sjóðstreymisyfirlit	26
Rekstur A hluta á árinu 2017	27
Rekstur B hluta á árinu 2017	29
Áætlun um rekstur, fjármögnun og fjárfestingu árin 2018-2021	30
Upplýsingar sem skylt er að veita bæjarstjórn	39
Óhæði	40
Persónuverndarlöggjöf	41
Fyrirvarar	43



Niðurstaða endurskoðunar

Mikilvægi

Mikilvægismörk í endurskoðuninni voru ákvörðuð 11 millj. kr. sem eru um 1,5% af heildartekjum.

Greint frá skekkjum yfir

0,5
m.kr.

Skekkjur hærrí en 0,5 millj. kr. fara á lista yfir óleiðréttá mismuni.

Veikleikar í innra eftirliti

Heimildir notenda í fjárhagskerfum eru of víðtækar og þarfnast frekari afmörkunar með hliðsjón af hlutverki og ábyrgð starfsmanna.

Við komum á framfæri ábendingum um veikleika í innra eftirliti sem ekki teljast verulegir en tækifæri eru til úrbóta.

Óleiðréttir endurskoðunarmismunir

Engir óleiðréttir endurskoðunarmismunir komu fram við yfirferð okkar á reikningsskilum sveitarfélagsins.

Óafgreidd mál

- Áritun endurskoðanda
- Staðfestingarbréf stjórnenda
- Afgreiðsla og áritun bæjarstjórnar

Áherslur í endurskoðun

- 1) Innra eftirlit og fjárhagskerfi
- 2) Stjórnsýsluskoðun
- 3) Önnur áhersluatriði

Stjórnsýsluendurskoðun

Við stjórnsýsluskoðun okkar komu ekki fram verulegir veikleikar.

Við höfum hins vegar komið á framfæri ábendingum um veikleika sem ekki teljast verulegir en tækifæri eru til úrbóta.

DRÖG

Fyrirhuguð áritun óháðs endurskoðanda

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2017 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisáframtöl, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaáferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017. Í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar síðferðisáskýldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflagð nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Lykilþættir endurskoðunar

Það eru engir lykilþættir til að upplýsa um í áritun okkar.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrgð fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gæra þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna svikæmi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er verða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Mérmið okkar eru að öðlast hæfilega vísu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna svikæmi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vísu felast áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna svikæmi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beittum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna svikæmi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna svikæmi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem svikæmi getur fallið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé villandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem verðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningskilaáferðir og reikningshaldlegt mat stjómenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun bæjarstjórnar og bæjarstjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að vikja frá fyrirvaraleusri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflagð er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagegleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrgð fyrir skipulegi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum öskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við bæjarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðaregina um óháði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óháði okkar og þegar við á, til hvaða varamaðgerða við höfum gripið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst bæjarstjórn um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útlíki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþættir þar sem neikvæðr áferðingar þess eru taldir vegna þyngra en almennir hagamunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreiknings staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Haraldur Örn Ræynisson og Magnúss Jónsson, endurskoðendur, bera ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Stykkishólmi, maí 2018.

KPMG ehf.



Fagleg
efafhyggja



Gagna-
greiningar



Aðkoma
sérfræðinga



Öflugar
rökræður

1

Innra eftirlit og fjárhagskerfi

Innra eftirlit

Áhættan

Innra eftirlit og virkni þess er veigamikill þáttur í að tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóttist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

Okkar viðbrögð

Við endurskoðun okkar á ársreikningi 2017 höfum við tekið mið af innra eftirliti og fjárhagskerfi sveitarfélagsins. Með innra eftirliti er m.a. átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og hafa að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóttist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

Endurskoðun okkar byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Niðurstaða

- Heimildir starfsmanna í fjárhagskerfum eru of víðtækar og þarfnast yfirferðar með tilliti til ábyrgðar og hlutverka starfsmanna. Til staðar eru of margir notendur með kerfisstjóráðgang og/eða víðtækar heimildir til breytinga.
- Samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Auk þess komum við ábendingum til bæjarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ábendingar varðandi innra eftirlit og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.
- Við viljum benda á að sökum fámennis er aðgreining starfa í ákveðnum tilfellum ekki með fullnægjandi hætti. Stjórnendur sveitarfélagsins eru meðvitaðir um þann veikleika í innra eftirliti.
- Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2018.
- Við viljum taka fram að stjórnendur hafa almennt brugðist með viðeigandi hætti við ábendingum okkar frá fyrra ári og komið af stað vinnu við úrbætur.



Fagleg
efahyggja



Gagna-
greiningar



Aðkoma
sérfræðinga



Öflugar
rökræður

1 Innra eftirlit og fjárhagskerfi, frh.

Mögulega sniðganga stjórnenda á eftirliti

Áhættan

Stjórnendur eru almennt í þeirri aðstöðu að geta átt við fjárhagsfærslur og sett fram röng reikningsskil með því að sniðgagna eftirlitsaðgerðir sem annars virðast vera skilvirkar og þannig viðhaft sviksemi.

Endurskoðendum er skylt að framkvæma aðgerðir sem miða sérstaklega að því að komast að raun um ef stjórnendur hafa sniðgengið eftirlit.

Okkar viðbrögð

Við prófuðum virkni eftirlits með færslum og lokafærslum.

Við mátum hvort breytingar milli ára á aðferðum og forsendum við reikningshaldslegt mat væru viðeigandi.

Við skoðum hvort verulegar færslur, sem eru ekki hluti af hefðbundinni starfsemi sveitarfélagsins eða eru á annan hátt óvanalegar, væru til staðar og ef svo er hvort bókhaldsleg meðferð væri viðeigandi.

Við leituðum að sviksemisfærslum með sjálfvirkum aðgerðum og gagnagreiningum.

Niðurstaða

Engar vísbendingar komu fram um sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti.



Fagleg
efahyggja



Gagna-
greiningar



Aðkoma
sérfærðinga



Öflugar
rökræður

2 Stjórnsýsluskoðun

Áhættan

Lagareglur gilda um form ákvarðana um álagningu skatta og þjónustugjalda og ákvarðana um hvers kyns útgjöld sveitarfélaga.

Séu ákvarðanir ekki teknar í samræmi við lög kann að leika vafi á heimildum til álagningar skatta og gjalda og ráðstöfunar fjármuna.

Okkar viðbrögð

Samkvæmt 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skulu endurskoðendur sveitarfélaga meðal annars „kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.“

Var í því sambandi kannað hvort sveitarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykpta er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Niðurstaða

Ekki komu fram verulegar athugasemdir við stjórnsýsluskoðun okkar.

Við viljum taka fram að samhliða stjórnsýsluskoðun okkar höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni.

Auk þess komum við ábendingum til bæjarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ábendingar varðandi stjórnsýslu og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.

Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2018.



Fagleg
efahyggja



Gagna-
greiningar



Aðkoma
sérfræðinga



Öflugar
rökræður

3 Önnur áhersluatriði (1)

Varanlegir rekstarfjármunir

- Varanlegir rekstrarfjármunir fyrir A og B hluta námu um 2.525 millj. kr. í árslok eða um 89% af heildareignum sveitarfélagsins. Sama hlutfall árið áður nam 87%
- Gjaldfærðar afskriftir ársins námu 65 millj. kr.
- Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 381 millj. kr. á árinu samanborið við 60 millj. kr. á árinu 2016. Vega þar þyngst:
 - Fjárfesting Eignasjóðs í Amtsbókasafni, Grunnskóla og Tónlistarskóla að fjárhæð 207 millj. kr.
 - Fjárfesting Eignasjóðs í Leikskóla að fjárhæð 19 millj. kr.
 - Fjárfesting Eignasjóðs í gatnamannvirkjum vegna deiliskipulags og framkvæmdakostnaðar fjárhæð 119 millj. kr.
 - Fjárfesting Eignasjóðs í tækjum og búnaði fyrir áhaldahús og Brunavarnir að fjárhæð 17 millj. kr.
 - Framkvæmdakostnaður Fráveitu að fjárhæð 8 millj. kr.
- Nánari sundurliðun á fjárfestingum ársins er í skýringu 8 í ársreikningi.
- Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi og endurmat er fært á eiginfjárreikning. Endurmat er fært ef breyting frá bókfærðu verði nemur 5% eða meira. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.
- Endurmat lóða og lendna á árinu nemur 45 millj. kr.
- Við endurskoðun okkar fórum við m.a. yfir réttmæti fjárfestinga ársins, framsetningu varanlegra rekstrarfjármuna, afskriftir og forsendur og útreikning vegna endurmats lóða og lendna.



Fagleg
efahyggja



Gagna-
greiningar



Aðkoma
sérfraeðinga



Öflugar
rökræður

3 Önnur áhersluatriði (2)

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

- Stofnframlög og eignarhlutir A og B hluta í félögum nema alls 157 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi 2017, samanborið við 146 millj. kr. í árlök 2016.
- Stærstu eignarhlutirnir eru 2,0% eignarhlutur í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. sem bókfærður er á 93 millj. kr. og 27,0% eignahlutur í Jeratúni hf. Jeratún ehf. telst því hlutdeildarfélag Stykkishólmsbæjar.
- Samtals nemur tekjufærð hlutdeild Stykkishólmsbæjar í afkomu Jeratúns ehf. 9 millj. kr., sem færist til hækkun á bókfærðu virði eignarhlutarins og til tekna sem tekjur af hlutdeildarfélagi í rekstrareikningi. Samtals hefur sveitarfélagið greitt 71 millj. kr. til Jeratúns ehf. í formi hlutafjár.
- Við endurskoðun okkar á eignarhlutum í félögum yfirforum við m.a. mat á eignarhlutum og réttmæti reikningshaldslegrar meðferðar þeirra. Eignarhluti í Hótelfélaginu Þór ehf. var endanlega afskrifaður á árinu 2017.



Fagleg
efahyggja



Gagna-
greiningar



Aðkoma
sérfærðinga



Öflugar
rökræður

3 Önnur áhersluatriði (3)

Óinnheimtar tekjur

Aðrar skammtímakröfur

- Útsvar og fasteignaskattur ársins námu 670 millj. kr. samanborið við 666 millj. kr. á fyrra ári. Það svarar til 6,4% hækkunar á milli ára.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu óinnheimtar skatttekjur 59 millj. kr. í árslok samanborið við 43 millj. kr. á fyrra ári. Aðrar óinnheimtar tekjur námu 51 millj.kr. Í árslok samanborið við 70 millj.kr. á fyrra ári.
- Óbein niðurfærsla óinnheimtra skatttekna nam 7,1 millj. kr. í árslok, samanborið við 6,3 millj. kr. á fyrra ári og lækkar því niðurfærslan um 0,8 millj. kr. milli ára. Hækkun niðurfærslu er færð til lækkunar á skatttekjum. Óbein niðurfærsla annarra tekna nam 3,1 millj.kr. í árslok og er óbreytt frá fyrra ári.
- Niðurfærsla skatttekna er meðal annars metin út frá greiningu á eftirstöðvum útsvars sem lagt er á gjaldendur utan staðgreiðslu. Hlutfall óbeinnar niðurfærslu af óinnheimtu útsvari nemur 78% í árslok. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum skatttekjum í árslok í efnahagsreikningi.
- Við endurskoðun okkar staðfestum við m.a. skattkröfur með samanburði við ytri gögn, framkvæmdum prófanir á eftirlitsaðgerðum og fórum yfir mat stjórnenda á niðurfærslu krafna.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu aðrar skammtímakröfur A og B hluta 3 millj. kr. í árslok, samanborið við 0,6 millj. kr. á fyrra ári.

3 Önnur áhersluatriði (4)

Lífeyrisskuldbinding

Búseturéttur

- Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Breyting á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni.
- Lífeyrisskuldbindingin nam 242 millj. kr. í árslok 2017 og nemur heildarhækkun ársins 17 millj. kr. en á móti námu lífeyrisgreiðslur ársins 10 millj. kr., þannig að samantekin hækkun ársins nemur 7 millj. kr.
- Endurskoðun lífeyrisskuldbindinga felur meðal annars í sér mat á hæfi tryggingastærðfræðings sem reiknar áfallna skuldbindingu, yfirferð á undirliggjandi gögnum og forsendum og greiningaraðgerðir.
- Í ársreikningi 2017 er búseturéttur íbúa færður upp sem skuldbinding miðað við uppreiknaðan verðbættan höfuðstól innborgunar. Skuldbinding vegna búseturéttar nam 65 millj. kr. í árslok 2017, samanborið við 64 millj. kr. á fyrra ári.



Fagleg
efahyggja



Gagna-
greiningar



Aðkoma
sérfræðinga



Öflugar
rökræður

3 Önnur áhersluatriði (5)

Skuldir við lánastofnanir

Aðrar skammtímaskuldir

- Skuldir A og B hluta við lánastofnanir nema samtals 1.561 millj. kr. og skiptast í langtímalán að fjárhæð 1.323 millj. kr., næsta árs afborganir langtímalána að fjárhæð 188 millj. kr. og skammtímaskuld við lánastofnun að fjárhæð 50 millj.kr. Þar af nema skuldir A hluta 1.145 millj. kr. Langtímaskuldir sveitarfélagsins hafa hækkað um 156 millj. kr. á árinu.
- Lánasafn sveitarfélagsins eru allt verðtryggt og bera lánin 0,5– 6,55% vexti.
- Framangreindar skuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um.
- Ársbreyting vísitölu neysluverðs nam um 1,9% á árinu og námu verðbólguáhrif til hækkunar á höfuðstól verðtryggðra lána 26 millj. kr. á árinu.
- Áætlaðar næsta árs afborganir A og B hluta af langtímalánum á árinu 2017 eru 188 millj. kr. og í því sambandi má benda á að veltufé frá rekstri sveitarfélagsins nam 90 millj. kr. á árinu 2017.
- Veltufé frá rekstri er til lengri tíma ætlað að standa undir afborgunum langtímalána auk þess að ganga upp í fjárfestingar.
- Við endurskoðun okkar höfum við m.a. aflað staðfestinga frá fjármálastofnunum um stöðu skulda í árslok, beitt greiningaraðgerðum og yfirfarið framsetningu.
- Engin fjárhagsleg skilyrði eru í lánsamningum sveitarfélagsins

- Samkvæmt efnahagsreikningi námu aðrar skammtímaskuldir A og B hluta 269 millj. kr. í árslok 2017 samanborett við 182 millj. kr. í árslok 2016. Meðal annarra skammtímaskulda er fært framlag til Brúar að fjárhæð 41,5 millj. kr. auk ógreiddra launatengdra gjalda að fjárhæð 97,5 millj. kr. og skulda við lánardrottna að fjárhæð 73,4 millj. kr.

3 Önnur áhersluatriði (6)

Skuldbindingar utan efnahags

Ábyrgðarskuldbindingar

Framsetning ársreiknings

- Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum stofnunum; Héraðsnefnd Snæfellinga, Byggðasamlag Snæfellinga, Félags- og skólabjónusta Snæfellinga, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks á Vesturlandi.
- Skuldbindingar vegna þessara verkefna eru ekki færðar í ársreikningi sveitarfélagsins.
- Í endurskoðun höfum við yfirfarið skuldir utan efnahags og leitað að óskráðum skuldbindingum.
- Í reglugerð nr. 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi hinn 1. janúar 2016 skulu sveitarfélög árlega útbúa ábyrgða- og skuldbindingayfirlit og skal það staðfest samhliða staðfestingu ársreiknings hvers árs. Í yfirlitinu skulu koma fram upplýsingar um verkefni sem rekin eru á ábyrgð sveitarfélagsins. Einnig skulu koma fram upplýsingar um ábyrgðir sem sveitarfélagið hefur veitt til fyrirtækja eða verkefna. Fyrir hvert fyrirtæki eða verkefni skal veita samandregnar fjárhagsupplýsingar á tilteknu formi.
- Við vekjum athygli stjórnenda á ofangreindum skyldum sveitarfélagsins.
- Við höfum kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem lög og reglur mæla fyrir um.



Fagleg
efahyggja



Gagna-
greiningar



Aðkoma
sérfraeðinga



Öflugar
rökræður

3 Önnur áhersluatriði (7)

Skammtímaskuldir B hluta við A hluta

Langtímaskuldir B hluta við A hluta

- Í árslok 2017 námu skammtímaskuldir B hluta fyrirtækja Stykkishólmsbæjar við Aðalsjóð um 5,7 millj. kr.
- Í árslok 2017 tóku stjórnendur sveitarfélagsins ákvörðun um að breyta skammtímakröfum Aðalsjóðs á hendur B hluta fyrirtækjum í langtímakröfur til 15 ára.
- Í árslok 2017 námu langtímaskuldir B hluta fyrirtækja Stykkishólmsbæjar við Aðalsjóð um 427 millj. kr. og greindist langtímahluti þeirra þannig:
 - Félagslegar íbúðir 32 millj. kr.
 - Dvalarheimili 82 millj. kr.
 - Fráveita 65 millj. kr.
 - Framkvæmdasjóður 217 millj. kr.
- Almennt er þjónustugjöldum ætlað að standa undir rekstrarkostnaði viðkomandi stofnana þegar til lengri tíma er litið. Jafnframt gildir það almennt að ef rekstur B hluta stofnana er neikvæður og fyrrséð er að ekki verði viðsnúningur í rekstri þeirra þurfa að koma tilframlög frá A hluta sem taka verður af skatttekjum. Þau framlög eru þá gjaldfærð í Aðalsjóði og tekjufærð í viðkomandi undirfyrirtækjum.
- Mikilvægt er að rekstrarforsendur umræddra B hlutafyrirtækja standi undir afborgunum ofangreindra langrímakrafna og að áætlanir sveitarfélagsins geri ráð fyrir jafnvægi í rekstri þeirra.
- Þurfi til þess framlög frá A hluta er mikilvægt gert ráð fyrir þeim í samþykktum fjárhagsáætlunum og að bæjarstjórn afgreiði slík framlög með formlegum hætti innan rekstrarársins.



Fagleg
efahyggja



Gagna-
greiningar



Aðkoma
sérfræðinga



Öflugar
rökraeður

3 Önnur áhersluatriði (8)

Uppgjör lífeyrisskuldbindinga vegna A deildar Brúar lífeyrissjóðs

- Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og hafði sú breyting áhrif á A deild Brúar lífeyrissjóðs sem núverandi og fyrrverandi starfsmenn sveitarfélagsins eru aðilar að. Áður eða þann 28. október 2016 skrifuðu ríki og sveitarfélög undir samkomulag um uppgjör áfallins og framtíðar halla A deildarinnar auk varúðarsjóðs.
- Í mars 2017 barst sveitarfélaginu erindi frá Brú lífeyrissjóði þar sem fyrirhugað uppgjör var kynnt.
- Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 varðandi reikningshaldslega meðferð uppgjors.
- Í janúar 2018 samþykkti bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samkomulag um uppgjör við Brú og var samkomulag undirritað í febrúar 2018. Miðast uppgjör við stöðu sjóðsins 31.maí 2017 og tók til starfsmanna sveitarfélagsins auk hlutdeildar Stykkishólmsbæjar í skuldbindingu Héraðsnefndar Snæfellinga. Í upphaflegu uppgjori Brúar var gerð krafa um framlag vegna starfsmanna Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi að fjárhæð 75,2 millj.kr. Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur farið fram á að Fjármálaráðuneyti yfirtaki þann hluta skuldbindingarinnar og er unnið að lausn þeirra mála í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Brú lífeyrissjóð. Ekki er því færð skuldbinding vegna þeirra starfsmanna hjá Stykkishólmsbæ 2017.
- Samkvæmt samkomulagi við Brú nemur heildarframlagið 177,5 millj. kr. sem skiptist í 3 hluta:
 - Framlag í Jafnvægisjóð 38,6 millj. kr. – gjaldfært að fullu á árinu 2017
 - Framlag í lífeyrisaukasjóð 125,4 millj.kr. – gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017
 - Framlag í varúðarsjóð 13,5 millj. kr. – gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.
- Gjaldfærðar eru 41,5 millj. kr. meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017 vegna þessa og fjárhæðin færð sem skammtímaskuld í árslok 2017.
- Sjá nánar í skýringu 19 í ársreikningi Stykkishólmsbæjar 2017



Fagleg
efahyggja



Gagna-
greiningar



Aðkoma
sérfræðinga



Öflugar
rökraeður

3 Önnur áhersluatriði (9)

Skatttekjur

- Skatttekjur og framlög Jöfnunarsjóðs eru um 63,6% af tekjum sveitarfélagsins árið 2017 samanborið við 64,5% árið 2016.
- Við endurskoðun okkar á útsvari og framlögum frá Jöfnunarsjóði var stuðst við ytri gögn frá Fjársýslu ríkisins og Jöfnunarsjóði og samanburði við önnur gögn.

Aðrar tekjur

- Aðrar tekjur nema um 36,4% af heildartekjum sveitarfélagsins samanborið við 35,5% árið áður.
- Endurskoðun annarra tekna fól m.a. í sér greiningaraðgerðir, staðfestingar við undirliggjandi gögn, yfirferð með stjórnendum á helstu frávikum frá fjárhagsáætlun og samanburði við fyrra ár.

Laun og launatengd gjöld

- Laun og launatengd gjöld nema 61,6% af heildartekjum sveitarfélagsins samanborið við 56,7% árið áður.
- Endurskoðun launa og launatengdra gjalda felur meðal annars í sér framkvæmd greiningaraðgerða, yfirferð og prófanir á eftirlitsaðgerðum tengdum launaferli auk staðfestinga samkvæmni gjaldfærslu fjárhagsbókhalds og útreiknings launakerfis.

Annar rekstrarkostnaður

- Annar rekstrarkostnaður nemur 26,9% af heildartekjum sveitarfélagsins samanborið við 29,8% árið áður.
- Endurskoðun felur í sér greiningaraðgerðir, yfirferð með stjórnendum á helstu frávikum frá fjárhagsáætlun og fyrra ári og prófanir á eftirlitsaðgerðum tengdum öðrum rekstrarkostnaði. Farið er yfir samþykki kostnaðarreikninga og staðfest að það sé í samræmi við úthlutaðar heimildir.

Rekstrarniðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun		A hluti			
	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Frávik frá áætlun með viðaukum	Upphafleg áætlun 2017	Frávik frá upphaflegri áætlun
Útsvar og fasteignaskattur	712.960	708.663	1%	703.663	1%
Framlög Jöfnunarsjóðs	233.349	271.761	-14%	249.569	-6%
Aðrar tekjur	220.282	234.710	-6%	194.089	13%
	1.166.591	1.215.134	-4%	1.147.321	2%
Laun og launatengd gjöld	732.521	718.520	2%	662.279	11%
Framlag vegna A deildar Brúar	41.462	0	100%	0	100%
Annar rekstrarkostnaður	322.887	376.608	-14%	358.451	-10%
	1.096.870	1.095.128	0%	1.020.730	7%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	69.721	120.006	-42%	126.591	-45%
Afskriftir	(46.914)	(47.630)	-2%	(46.838)	0%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	22.807	72.376	-68%	79.753	-71%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(25.034)	(40.113)	-38%	(42.685)	-41%
Rekstrarniðurstaða ársins	(2.227)	32.263		37.068	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Fjárhagsáætlun ársins 2017 var samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn þann 8. desember 2016.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum sveitarstjórnar á árinu.

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2017 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisfirliti, skýringum og lykiltölum.

Rekstrarniðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun		A og B hluti			
	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Frávik frá áætlun með viðaukum	Upphafleg áætlun 2017	Frávik frá upphaflegri áætlun
Útsvar og fasteignaskattur	708.559	708.663	0%	703.663	1%
Framlög Jöfnunarsjóðs	233.349	271.761	-14%	249.569	-6%
Aðrar tekjur	539.497	574.451	-6%	275.806	96%
	1.481.405	1.554.875	-5%	1.229.038	21%
Laun og launatengd gjöld	929.390	908.879	2%	676.079	37%
Framlag vegna A deildar Brúar	41.462		100%		100%
Annar rekstrarkostnaður	399.141	479.756	-17%	379.955	5%
	1.369.993	1.388.635	-1%	1.056.034	30%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	111.412	166.240	-33%	173.004	-36%
Afskriftir	(65.036)	(65.745)	-1%	(62.752)	4%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	46.376	100.495	-54%	110.252	-58%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(64.162)	(64.343)	0%	(60.172)	7%
Afkoma hlutdeildarfélag	8.898	0	100%	0	100%
Rekstrarniðurstaða ársins	(8.887)	36.152		50.079	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Fjárhagsáætlun ársins 2017 var samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn þann 8. desember 2016.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum sveitarstjórnar á árinu.

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2017 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti, skýringum og lykiltölum.

Fjárfesting í samanburði við áætlun			
A hluti	Fjárfesting	Fjárfestingaráætlun	
	2017	með viðaukum	upphafleg
Fasteignir og önnur mannvirki			
Amtsbókasafn, grunnskóli, og tónlistarskóli	207.207	200.000	190.000
Leikskóli laus kennslustofa	19.125	15.000	2.000
Reiðskemma	5.000	5.000	5.000
Dvalarheimili, endurbætur	800	0	0
Eldfjallasafn fyrsti áfangi	0	0	10.000
Aðrar fjárfestingar - eignasala	0	0 (14.500)
Annað ófyrirséð	0	3.000	4.340
Fasteignir og önnur mannvirki samtals	232.132	223.000	196.840
Gatna- og veitumannvirki:			
Gatnaframkvæmdir	117.860	88.000	64.000
Gatnagerðargjöld	(8.000)	(8.000)	(80.000)
Deiliskipulag	9.561	9.100	3.000
Gatna- og veitumannvirki samtals	119.421	89.100 (13.000)
Áhöld og tæki:			
Áhaldahús, traktor	7.940	8.000	6.000
Brunavarnir, búnaður	8.632	10.500	7.000
Ærslabelgur	2.302	2.000	2.000
Hleðslustöð	326	0	0
Áhöld og tæki samtals	19.200	20.500	15.000
Fjárfesting A hluta samtals	370.754	332.600	198.840

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Fjárhagsáætlun ársins 2017 var samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn þann 8. desember 2016.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum sveitarstjórnar á árinu.

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2017 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisfirliti, skýringum og lykiltölum.

Fjárfesting í samanburði við áætlun			
B hluti	Fjárfesting	Fjárfestingaráætlun	
	2017	með viðaukum	upphafleg
Hafnarsjóður:			
Stykkishöfn, deiliskipul. og búnaður v/gjaldsk. bílastæða	0	500	2.500
Stykkishöfn, dýpun hafnarsvæðis	0	0	3.500
Hafnarsvæði Skipavíkur, hönnun og framkvæmdir	0	0	4.000
Malbikun, plan við Hafnarskúr	1.619	0	0
Hafnarsjóður samtals	1.619	500	10.000
Fráveita:			
Framkvæmdakostnaður	8.258	9.400	0
Fráveita samtals	8.258	9.400	0
Fjárfesting B hluta samtals	9.877	9.900	10.000
Fjárfesting A og B hluta samtals	380.631	342.500	208.840

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Fjárhagsáætlun ársins 2017 var samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn þann 8. desember 2016.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum sveitarstjórnar á árinu.

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2017 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti, skýringum og lykiltölum.

Rekstrarreikningur fyrir árið 2017	A hluti		A og B hluti	
	2017	2016	2017	2016
Útsvar og fasteignaskattur	712.960	670.449	708.559	666.159
Framlög Jöfnunarsjóðs	233.349	258.067	233.349	258.067
Aðrar tekjur	220.282	235.321	539.497	507.862
	1.166.591	1.163.837	1.481.405	1.432.088
Laun og launatengd gjöld	732.521	657.018	929.390	831.002
Framlag vegna A deildar Brúar	41.462	0	41.462	0
Annar rekstrarkostnaður	322.887	377.600	399.141	426.691
	1.096.870	1.034.618	1.369.993	1.257.693
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	69.721	129.220	111.412	174.395
Afskriftir	(46.914)	(44.658)	(65.036)	(65.453)
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	22.807	84.562	46.376	108.942
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(25.034)	(30.659)	(64.162)	(73.219)
Afkoma hlutdeildarfélag	0	0	8.898	7.940
Rekstrarniðurstaða ársins	(2.227)	53.903	(8.887)	43.663

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Framlegð ársins

Rekstrarniðurstaða ársins, fyrir afskriftir og fjármagnsliði, nam 111,4 millj. kr., samanborið við 174,4 millj. kr. á fyrra ári.

Framlegðarhlutfall ársins nemur 7,5% samanborið við 12,2% á fyrra ári.

Mikilvægt er fyrir sveitarfélagið að huga að samspili framlegðar og skuldsetningar. Áhrif gjaldfærslu viðbótarframlags vegna A deildar Brúar til lækkunar framlegðar nemur 2,8%.

Efnahagsreikningur 31. desember 2017				
Eignir	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.216.708	1.848.067	2.525.018	2.164.623
Eignarhlutir og stofnframlög	127.593	127.593	157.127	145.529
Langtímakröfur	284	284	284	284
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	395.855	77.580	0	0
Fastafjármunir	2.740.440	2.053.524	2.682.429	2.310.435
Óinnheimtar skatttekjur	98.010	100.728	109.811	112.590
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	5.745	416.443	0	0
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	31.193	13.570	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	783	783	783	783
Aðrar skammtímakröfur	2.716	600	2.716	600
Handbært fé	39.464	72.617	39.670	72.823
Veltufjármunir samtals	177.911	604.741	152.981	186.797
Eignir samtals	2.918.351	2.658.265	2.835.410	2.497.233

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Heildareignir

Heildareignir námu 2.835 millj. kr. í árslok 2017 en námu 2.497 millj. kr. í árslok 2016, eða hækkun um 338,2 millj. kr. á milli ára.

Munar þar mest um fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að fjárhæð 380,6 millj. kr.

Veltufjárhlutfall A og B hluta er 0,3 í árslok 2017. Almennt er horft til þess að hlutfallið sé ekki lægra en 1,0.

Efnahagsreikningur 31. desember 2017		A hluti		A og B hluti	
Eigið fé og skuldir					
		31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
Eignfjárreikningur		1.222.584	1.180.010	697.977	662.063
	Eigið fé	1.222.584	1.180.010	697.977	662.063
Lífeyrisskuldbinding		232.740	226.555	232.740	226.555
Búseturéttur		0	0	65.046	63.874
Skuldir við lánastofnanir		968.349	772.952	1.323.376	1.181.571
	Langtímaskuldir og skuldbindingar	1.201.089	999.507	1.621.161	1.472.000
Skuldir við lánastofnanir		50.083	0	50.083	0
Skuldir við eigin fyrirtæki		46.086	186.682	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda		126.923	114.081	187.965	173.272
Næsta árs greiðslur lífeyrisskuldbindingar		8.895	7.765	8.895	7.765
Aðrar skammtímaskuldir		262.690	170.220	269.328	182.132
	Skammtímaskuldir	494.678	478.747	516.271	363.169
	Eigið fé og skuldir samtals	2.918.351	2.658.265	2.835.410	2.497.233

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Eigið fé

Eigið fé nam 698 millj. kr. í árslok, samanborið við 662 millj. kr. á fyrra ári.

Breytingin skýrist af afkomu ársins sem var neikvæð um 8,9 millj. kr. og endurmati lóða og lendna sem nam 44,8 millj. kr. á árinu 2017.

Eignfjárhlutfall er 24,6% í árslok.

Heildarskuldir

Heildarskuldir og skuldbindingar námu 2.137 millj. kr. í árslok 2017 samanborið við 1.835 millj. kr. árið áður.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2017	A hluti		A og B hluti	
	2017	2016	2017	2016
Rekstrarhreyfingar				
Rekstrarniðurstaða	(2.227)	53.903	(8.887)	43.663
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	78.981	67.950	98.925	93.811
Veltufé frá rekstri	76.754	121.853	90.038	137.474
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	83.467	23.219	78.253	23.352
Handbært fé frá rekstri	160.221	145.071	168.291	160.826
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(370.754)	(90.952)	(380.631)	(60.058)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	0	19.500	0	19.500
Eignarhlutir í félögum, breyting	0	0	(2.700)	(2.160)
Langtímakröfur, breyting	0	12.210	0	12.210
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting	(334.173)	12.986	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(704.927)	(46.256)	(383.331)	(30.508)
Fjármögnunarhreyfingar				
Skuldir við lánastofnanir, breyting	50.083	(17.745)	50.083	(17.745)
Breyting fyrirframminnheimtra framlaga	0	0	0	(37.778)
Tekin ný langtímalán	310.000	80.000	310.000	170.000
Afborganir langtímalána	(118.633)	(115.736)	(178.197)	(172.178)
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting	270.102	27.283	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	511.552	(26.198)	181.886	(57.701)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(33.153)	72.617	(33.153)	72.617
Handbært fé í ársbyrjun	72.617	0	72.823	207
Handbært fé í árslok	39.464	72.617	39.670	72.823

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Veltufé og handbært fé frá rekstri

Veltufé frá rekstri nam 90,0 millj. kr. á árinu, samanborið við 137,5 millj. kr. á fyrra ári.

Handbært fé frá rekstri nam 168,3 millj. kr. á árinu samanborið við 160,8 millj. kr. á fyrra ári.

Sjá nánari sundurliðun í sjóðstreymisyfirliti í ársreikningi.

Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfesting í rekstrarfjármunum námu 380,6 millj. kr. á árinu og eru greindar nánar í skýringu 8 í ársreikningi.

Fjármögnunarhreyfingar

Afborganir af langtímalánum námu 178,2 millj. kr. Lántaka nam 310,0 millj. kr. auk þess sem tekið var skammtímalán undir árslok að fjárhæð 50,0 millj. kr.

DRÖG

Rekstur A hluta stofnana á árinu 2017



Aðalsjóður			
	2017	2016	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	1.227.197	1.165.897	5,3%
Rekstrargjöld	(1.282.883)	(1.193.544)	7,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	50.400	43.920	14,8%
Rekstrarniðurstaða (5.286)	16.273	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Eignasjóður			
	2017	2016	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	210.964	228.946	-7,9%
Rekstrargjöld	(120.001)	(113.257)	6,0%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(71.489)	(71.148)	0,5%
Rekstrarniðurstaða	19.474	44.542	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Þjónustumiðstöð			
	2017	2016	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	41.830	33.909	23,4%
Rekstrargjöld	(54.301)	(37.390)	45,2%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(3.945)	(3.432)	15,0%
Rekstrarniðurstaða (16.415)	6.912	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Sundurliðunarbók

Vísað er til sundurliðunarbókar með ársreikningi varðandi nánar upplýsingar um stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins, málaflokka og deildir.

Eignasjóður

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 19,5 millj. kr. á árinu 2017

Skuld sjóðsins við Aðalsjóð nam í árslok 281,2 millj. kr.

Þjónustumiðstöð

Rekstrarniðurstaða Þjónustumiðstöðvar var neikvæð um 16,4 millj. kr. á árinu 2017.

Skuld Þjónustumiðstöðvar við Aðalsjóð nam í árslok 97,8 millj. kr.

Viljum við vekja athygli á mikilvægi þess að gjaldskrá og verkþókhald sé sett þannig upp að einingin hafi á hverjum tíma nægar tekjur til að mæta kostnaði við rekstur hennar.

DRÖG

Rekstur B hluta fyrirtækja á árinu 2017



Hafnarsjóður			
	2017	2016	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	54.824	50.755	8,0%
Rekstrargjöld	(38.104)	(40.529)	-6,0%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(2.055)	(3.305)	-37,8%
Rekstrarniðurstaða	14.666	6.921	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Fráveita			
	2017	2016	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	29.633	29.713	-0,3%
Rekstrargjöld	(13.795)	(13.591)	1,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(5.789)	(7.041)	-17,8%
Rekstrarniðurstaða	10.050	9.082	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Félagslegar íbúðir			
	2017	2016	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	8.641	8.515	1,5%
Rekstrargjöld	(7.571)	(7.131)	6,2%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(4.901)	(5.259)	-6,8%
Rekstrarniðurstaða	(3.831)	(3.875)	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Hafnarsjóður

Rekstur hafnarsjóðs var jákvæður um 14,7 millj. kr. á árinu 2017 samanborið við 7,0 millj. kr. 2016.

Í árslok 2017 nam krafa Hafnarsjóðs á hendur Aðalsjóði um 19,2 millj. kr. samanborið við 15 millj. kr. í árslok 2016.

Almennt um B hluta fyrirtæki

Við teljum mikilvægt að stjórnendur yfirfari áætlanir um rekstur B hluta fyrirtækja þannig að tryggt sé að rekstur þeirra sé í jafnvægi og geta til endurgreiðslu skuldbindinga sem á þeim hvíla sé tryggð.

Þurfi að koma til framlög frá A hluta er mikilvægt að þau séu afgreitt með formlegum hætti og hluti áætlunar innan rekstrarársins.

Rekstur B hluta fyrirtækja á árinu 2017 (frh.)

Dvalarheimili			
	2017	2016	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	228.973	185.194	23,6%
Rekstrargjöld	(246.725)	(194.534)	26,8%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(8.877)	(9.712)	-8,6%
Rekstrarniðurstaða	(26.629)	(19.053)	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Þjónustuíbúðir			
	2017	2016	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	16.557	16.291	1,6%
Rekstrargjöld	(8.534)	(9.988)	-14,6%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(7.200)	(7.283)	-1,1%
Rekstrarniðurstaða	824	(980)	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Framkvæmdasjóður			
	2017	2016	Breyting á milli ára
Rekstrargjöld	(331)	(315)	5,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(10.306)	(9.960)	3,5%
Afkoma hlutdeildarfélag	8.898	7.940	12,1%
Rekstrarniðurstaða	(1.739)	(2.335)	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Dvalarheimili

Rekstur Dvalarheimilis var neikvæður um 26,6 millj. kr. á árinu 2017 samanborið við 19,1 millj. kr. 2016.

Í árslok 2017 nam krafa Aðalsjóðs á hendur Dvalarheimili um 86,9 millj. kr. samanborið við 47 millj. kr. í árslok 2016.

Í árslok 2017 var stórum hluta skammtímaskuldar Dvalarheimilisins við Aðalsjóð breytt í langtímalán eða sem nemur 86,0 millj. kr.

- Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru eitt mikilvægasta stjórnþæki þeirra. Samkvæmt sveitastjórnarlögum tekur áætlanagerðin til næstu fjögurra ára.
- Stefna stjórnenda til lengri tíma birtist þannig í fjárhagsáætlun sem er nánar útfærð í áætlun næsta árs.
- Bæjarstjórn hefur afgreitt áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun fyrir sveitarfélagið allt til ársins 2021 eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.
- Óhjákvæmilegt getur verið að gera viðauka við fjárhagsáætlun innan ársins. Gæta þarf þess að ef slíkir viðaukar eru samþykktir að bókanir vegna þeirra séu skýrar og að fram komi hvernig mæta eigi auknum útgjöldum eða öðrum breytingum er varða fjárhag sveitarfélagsins.
- Mikilvægt er að viðaukar við fjárhagsáætlun séu samþykktir áður en til útgjalda kemur svo ekki leiki vafi á heimildum stjórnenda til ráðstöfun fjármuna.

- Við höfum farið yfir þessar áætlanir og gerum ekki athugasemdir við þær upplýsingar sem þar eru settar fram, hvað varðar útreikninga og framsetningu. Á það ber hins vegar að líta að almennt byggja ákveðnir þættir fjárhagsáætlana á væntingum stjórnenda og forsendum sem erfitt getur verið að spá fyrir um.
- Bæjarstjórn og stjórnendur sveitarfélagsins geta með ákvörðunum sínum og aðgerðum haft áhrif á launakostnað og annan rekstrarkostnað. Að einhverju leyti kunna hendur stjórnenda að vera bundnar hvað þessi liði varðar t.d. vegna kjarasamninga við launþega og vegna rekstrar- og þjónustusamninga. Aðrir kostnaðarliðir s.s. afskriftir rekstrarfjármuna og fjármagnskostnaður eru að stærstum hluta reiknaðar stærðir vegna ákvarðana sem þegar hafa verið teknar.
- Að öðru leyti gerum við ekki athugasemdir við þær áætlanir sem samþykktar hafa verið og teljum að þau markmið sem þar eru framsett séu raunhæf og nauðsynleg. Rétt er þó að taka fram að forsendur þess að þau markmið gangi eftir byggja á því að bæjarstjórn taki nauðsynlegar ákvarðanir til að tryggja að markmiðum áætlana sé náð. Sérstaklega þarf að huga að rekstri ákveðinna B hluta fyrirtækja og ná fram jafnvægi í þeim hluta rekstrar sveitarfélagsins.

- Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins árin 2018 til 2021 gerir ráð fyrir nokkrum bata í framlegð samanborið við afkomu ársins 2017 og er gert ráð fyrir að sá bati skili sér að verulegu leyti í auknu veltufé frá rekstri.
- Mikilvægt er að stjórnendur fylgi markmiðum áætlana eftir til að tryggt sé að veltufé frá rekstri dugi til greiðslu afborgana af langtímalánum og öðrum skuldbindingum.
- Samkvæmt samþykktum áætlunum er gert ráð fyrir fjárfestingu á árunum 2018 til 2021 samtals að fjárhæð 450,8 millj. kr. í A og B hluta.
- Framangreind fjárfesting verður samkvæmt áætluninni fjármögnuð með veltufé frá rekstri og lántökum.
- Heildarlántaka á tímabilinu nemur 455 millj. kr. sem er nokkuð umfram uppsafnaða fjárförf gangi áætlanir eftir.
- Mikilvægt er að yfirfara samþykktar áætlanir með hliðsjón af fyrirbyggjandi niðurstöðu ársins 2017, fjármögnun skammtímaskulda til greiðslu næstu 12 mánaða sem og áætlaðra fjárfestinga.

Áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun 2018-2021 (frh.)

Hér að neðan má sjá þróun rekstrar og veltufjár frá rekstri til ársins 2021 í samanburði við fjárþörf vegna greiðslubyrði lána og fjárfestinga A og B hluta samkvæmt samþykktri áætlun. Fjárhæðir eru birtar í þús. kr.


	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021
Rekstrartekjur	1.432.088	1.481.405	1.624.184	1.678.705	1.735.061	1.793.322
Rekstrargjöld án afskrifta	(1.257.693)	(1.369.993)	(1.406.161)	(1.439.935)	(1.475.167)	(1.508.807)
Afkoma fyrir afskriftir	174.395	111.412	218.023	238.770	259.894	284.515
Afskriftir	(65.453)	(65.036)	(74.505)	(79.185)	(83.871)	(85.806)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(73.219)	(64.162)	(72.389)	(65.865)	(59.184)	(53.536)
Hlutdeild minnihluta í rekstri	7.940	8.898	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða	43.663	(8.887)	71.129	93.720	116.839	145.173
Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili	76.280	34.454	105.905	155.962	281.688	355.732
Veltufé frá rekstri, skv. sjóðstreymi	137.474	89.879	205.158	235.353	258.727	286.359
Afborganir langtímalána	(172.178)	(178.197)	(170.669)	(178.633)	(185.993)	(190.860)
Greiðsluafgangur (fjárþörf)	(34.704)	(88.318)	34.489	56.720	72.734	95.499
Uppsafnaður greiðsluafgangur 2018-2021, eftir afborganir lána			34.489	91.209	163.943	259.442
Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins 2018-2021			(164.160)	(186.660)	(50.000)	(50.000)
Uppsöfnuð fjárþörf 2018-2021, vegna fjárfestingar			(164.160)	(350.820)	(400.820)	(450.820)
Uppsöfnuð fjárþörf 2018-2021			(129.671)	(259.611)	(236.877)	(191.378)
Uppsöfnuð lántaka 2018-2021			175.000	315.000	385.000	455.000
Uppsafnaður greiðsluafgangur 2018-2021 (ófjármögnuð fjárþörf í áætlunum)			45.329	55.389	148.123	263.622
Heildarskuldir	1.835.170	2.137.433	2.146.828	2.181.275	2.134.020	2.079.352
Skuldahlutfall, skv. skilgreiningu í reglugerð	128%	144%	132%	130%	123%	116%
Skuldaviðmið, skv. skilgreiningu í reglugerð	121%	138%	127%	125%	119%	104%

DRÖG

Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili



Rekstrarjöfnuður á þriggja ára, í þús. kr.




Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.).

Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um þróun rekstrarjafnaðar fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2015, 2016 og 2017 er rekstrarniðurstaða miðuð við ársreikning viðkomandi árs, en 2018 til 2021 í samræmi við áætlaða rekstrarniðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Framlegðarhlutfall



Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal við yfirferð sína á ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, athuga hvort sveitarfélag uppfyllir viðmið um rekstur og skuldastöðu, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun ef þeir hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu eða skuldastöðu sveitarfélagsins. Athugun á skilgreindum viðmiðum og lykiltölum eru meðal annarra þátta grundvöllur heildarmats eftirlitsnefndar á fjárhagsstöðu og fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga.

Ein af þeim lykiltölum sem miðað er við er framlegð sem hlutfall af reglulegum tekjum. Framlegð er samkvæmt skilgreiningu reglulegar tekjur að frádrögnum rekstrargjöldum, en án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun framlegðarhlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2016 og 2017 er miðað við ársreikning viðkomandi árs, en 2018 til 2021 er miðað við áætlaða niðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.


Að okkar mati er rétt að meta framlegðarhlutfall sveitarfélags í samhengi við skuldahlutfall þess.

DRÖG

Heildarskuldir og skuldbindingar




Skuldir og skuldbindingar í þús. kr.



Stöplariðið sýnir yfirlit um heildarskuldir og skuldbindingar í millj. kr. fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2016 og 2017 eru birt í samræmi við ársreikninga viðkomandi ára, en 2018 til 2021 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Skuldahlutfall



—◆— A hluti	127,0%	145,4%	136,9%	130,9%	126,8%	122,6%
—■— A og B hluti	128,1%	144,3%	132,2%	130,0%	123,0%	116,0%
— Hámark skv. lögum	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.).

Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta séu ekki hærrí en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.


Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldahlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hinsvegar.

Árin 2016 og 2017 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2018 til 2021 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Skuldaviðmið



Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Við útreikning á skuldaviðmiði skal draga frá heildarskuldum núvirði lífeyrisskuldbindingar sem áætlað er að komi til greiðslu eftir 15 ár og síðar sem og hreint veltufé sé það jákvætt.


Einnig skal draga frá heildarskuldum núvirði lágmarksleigugreiðslna hafi sveitarfélagið gert leigusamning við ríkissjóð um fjármögnun verkefna um fasteignir. Jafnframt skal draga lágmarksleigugreiðslur ársins frá rekstrartekjum við þennan útreikning.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldaviðmiðs fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hinsvegar.

Árin 2016 og 2017 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2018 til 2021 í samræmi við áætlaða breytingu á skuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Eiginfjárhlutfall



Línuritið sýnir eiginfjárhlutfall A hluta annars vegar og A og B hluta hins vegar.

Árin 2016 og 2017 eru sýnd samkvæmt ársreikningum viðkomandi ára, en árin 2018 til 2021 samkvæmt áætlaðri breytingu á eiginfjárhlutfalli í samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins.

DRÖG

Upplýsingar sem skylt er að veita bæjarstjórn

Staðfestingarbréf stjórnenda	Við höfum ekki farið fram á sérstakar staðfestingar stjórnenda umfram þær sem koma fram í hefðbundnu staðfestingarbréfi stjórnenda fyrir árið 2017.
Tengdir aðilar	Það komu ekki upp veruleg atriði vegna tengdra aðila í endurskoðun okkar.
Veikleikar í innra eftirliti	Við höfum greint stjórnendum frá öllum veikleikum í eftirlitum sem við höfum orðið áskynja um.
Áritun á ársreikninginn	Við munum árita ársreikning sveitarfélagsins samhliða síðari umræðu í bæjarstjórn.
Sviksemi eða grunur um sviksemi, lögum og reglum ekki fylgt eða ólögleg athæfi	Ekki hafa komið upp sviksemisatvik eða grunur um sviksemi stjórnenda eða annarra starfsmanna í lykilstöðum hjá sveitarfélaginu. Þá hafa ekki komið fram vísbendingar um að farið sé á svig við lög og reglur hjá sveitarfélaginu.
Óhæði	Endurskoðunarteymið og aðrir hjá KPMG sem tengjast endurskoðuninni svo og KPMG ehf. sjálf hafa fylgt siðareglum um óhæði.
Reikningsskilaaðferðir	Í endurskoðun okkar höfum við metið hversu viðeigandi reikningsskilareglur, reikningshaldslegt mat og skýringar eru í ársreikningi sveitarfélagsins. Almennt teljum við svo vera.

Sem endurskoðunarfyrirtæki erum við staðráðin í því að vera óháð í reynd og í ásýnd í okkar störfum. Við störfum eftir ströngum reglum og kröfum til að viðhalda óhæði okkar í samræmi við siðareglur endurskoðenda.

Okkar viðbrögð...



Einn hluthafi félagsins er ábyrgur fyrir áhættumálum, óhæðismálum og siðferði



Handbók um gæða- og áhættustjórnun á heimsvísu



Ferli vegna brota á faglegum kröfum og stefnum, og skjalfest viðurlagastefna.



Takmörkun fjárfestinga og viðskiptasambanda



Allir starfsmenn undirrita árlega óhæðisyfirlýsingu



Eftirlit KPMG með óhæði



Þjálfun starfsfólks í siðareglum, óhæði og heilindum



Alþjóðlegt réttindavarið kerfi til að leggja mat á yfirvofandi hættu vegna hagsmunaárekstra

DRÖG

Persónuverndarlöggjöf (GDPR) – helstu breytingar



Sektir

Stjórnvaldssektir eru þrepaskiptar og geta numið frá 2% af heildarveltu eða allt að jafngildi 20 m. EUR eða 4% af heildarveltu, ef hún er hærri.



Persónuverndarfulltrúi (PVF)

Skipa þarf persónuverndarfulltrúa þegar um er að ræða opinbera aðila og þá sem sinna umfangsmikilli vinnslu.



Eftirlitsaðilar

Eftirlitsaðilar munu fá auknar heimildir til eftirlits og beitingu stjórnvaldssekta.



Vinnsluskrá

Skrásetja þarf alla vinnslu persónuupplýsinga.



Tilkynningar

Tilkynna þarf um öryggisbrot án tafar (innan 72 klst.) og viðeigandi ferlar þurfa að vera til staðar.



Öryggi

Sértækar kröfur um eftirlit með öryggisráðstöfunum, dulkóðun gagna og aftengingu persónuupplýsinga (e. anonymization).



Mat á áhrifum

Mat á áhrifum þarf að fara fram áður en ný tækni er notuð eða ný afurð boðin.



Réttindi einstaklings

Aukin réttindi einstaklinga til að flytja gögn milli þjónustuaðila eða gleymast.



Viðkvæmar persónuupplýsingar

Lífkenni og erfðafræðilegar upplýsingar falla nú undir skilgreiningu á viðkvæmum persónuupplýsingum.



Samþykki

Kröfur um að samþykkis einstaklings sé aflað með sannanlegum hætti.



Vinnsluaðilar (DP)

Regluverkið nær einnig til vinnsluaðila og krafa er á ábyrgðaraðila að framkvæma mat á vinnsluaðila.



Innbyggð persónuvernd

Hönnun og þróun kerfa verður að taka mið af meginreglum um persónuvernd.

Nýja regluverkið mun taka við af núverandi reglum Persónuverndar. Rétt að hafa í huga að flest sem er í nýja regluverkinu er til staðar og hefur verið frá árinu 1995 (2000).

Reynsla okkar leiðir í ljós að færstar skipulagsheildir hafa unnið markvisst að því að innleiða stjórnkerfi og eftirlitsþætti persónuverndar, því er ljóst að mikið verk er framundan hjá mörgum.

Gátlisti persónuverndar

 Hversu vel þekkir þú núgildandi löggjöf persónuverndar og þær breytingar sem eru væntanlegar?	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Hefur þú yfirsýn yfir þær (viðkvæmu) persónuupplýsingar sem eru til staðar um viðskiptavinum og starfsmenn og hvaða lög- og reglur eiga við um vistun og vinnslu þeirra?	
 Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að takmarka aðgengi að persónuupplýsingum og tryggja öryggi og réttmæti gagna?	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Hafa hlutverk og ábyrgð í tengslum við upplýsingaöryggi og persónuvernd verið skilgreind og kynnt?	
 Ert þú tilbúin til að bregðast við og svara fyrirspurnum frá einstaklingum um sín gögn, afhenda afrit af þeim, leiðrétta eða eyða gögnum?	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Er til staðar stefna um persónuvernd, hvernig lögum og reglum er framfylgt í samræmi við núgildandi reglur sem og nýtt regluverk?	
 Ertu búin að gera ráðstafanir til að bregðast við frávikum og tilkynna um gagnaleka, gagnatap eða gagnastuld, hafa verið skilgreindir ferlar fyrir slík atvik?	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Hefur líftími gagna verið skilgreindur og komið á verklagi við að eyða gögnum þegar gögn hafa náð þeim aldri?	
 Hefur verið lagt mat á virkni persónuverndar? Er virkni og hlítning prófuð? Hefur verið unnið að því að lágmarka áhættu?	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Endurspeglar samningar og verklag þjónustuaðila gildandi regluverk?	
 Hafa starfsmenn og þjónustuaðilar fengið viðeigandi fræðslu og kynningu á regluverkinu og ráðstöfunum?	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Ef vinnsla er útvistað og um er að ræða gagnaflutninga, hefur verið komið á öruggum samskiptum? eru til staðar vinnslusamningar?	
 Hversu vel er UT deildin mönnuð til að styðja við hugsanlegar breytingar og verkefni sem takast þarf á við?	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Hafa verið gerðar ráðstafanir um fjárveitingar og starfsmenn til að innleiða breytingar í samræmi við nýtt regluverk?	
 Hafa komið upp atvik, svo sem tölvuinnbrot, gagnaleki eða gagnatap? Hvernig var brugðist við?	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Hefur verið farið yfir öryggisráðstafanir, netöryggi og vottanir þriðja aðila sem sinnir vinnslu, þjónustu eða hýsingu?	
	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> Hefur verið lagt mat á eftirlitsþætti þar sem vinnsla (viðkvæmra) persónuupplýsinga fer fram?	

Skýrsla þessi er gerð í samræmi við skilmála ráðningarbréfs okkar um endurskoðun.

- Dreifingar skýrslunnar og takmörkun á ábyrgð
- Efni skýrslunnar er eingöngu byggt á aðgerðum sem eru nauðsynlegar í tengslum við endurskoðun okkar



Tilgangur skýrslunnar

Skýrslan hefur verið gerð í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2017, sem gerður er í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

Skýrslan er gerð fyrir stjórnendur, sem við teljum vera bæjarstjórn og bæjarstjóra, í því skyni að upplýsa þá um atriði sem máli geta skipt samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA), þar á meðal samkvæmt ISA 260 *Samskipti við stjórnendur*, og önnur atriði sem við höfum komist að við endurskoðun okkar og við teljum að geti verið athygliverð, en ekki í neinu öðru skyni.

Í skýrslunni eru tilgreind lyklatríði sem við höfum komist að við endurskoðun okkar.

Takmarkanir á vinnu

Skýrslan er aðskilin frá áritun endurskoðanda og veitir ekki nein viðbótarálit á ársreikningi sveitarfélagsins. Skýrslan bætir ekki við eða breytir skyldum okkar sem endurskoðenda.

Við höfum ekki skipulagt eða framkvæmt aðrar aðgerðir en þær sem okkur ber sem endurskoðendum í því skyni að koma auga á eða miðla til ykkar upplýsingum um þau atriði sem fram koma í þessari skýrslu.

Atriði í skýrslunni eru byggð á þekkingu sem við höfum aflað í tengslum við vinnu okkar sem endurskoðendur sveitarfélagsins. Við höfum ekki sannreynt nákvæmni eða heilleika slíkra upplýsinga að öðru leyti en því sem af okkur er krafist í tengslum við endurskoðunina.

Takmörkun á ábyrgð

Skýrslan er gerð á þeim grundvelli að hún er aðeins í þágu stjórnenda sveitarfélagsins. Það eru þó engar takmarkanir á frekari dreifingu skýrslunnar af okkar hálfu en við samþykkjum ekki neina ábyrgð gagnvart þriðja aðila í tengslum við hana.

DRÖG



kpmg.com/app

kpmg.com/socialmedia

© 2018 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og kennimark KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.